

**Mál nr. 333/2021**

**M og  
V v/ innbústryggingar.**

**Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna undirtryggingar. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.9.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 20.9.2021.  
Bréf V, dags. 16.9.2021, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Líklega snemma að morgni 13. desember 2020 var brotist inn á heimili M. M kveður að munum að verðmæti 11.492.616 krónur hafi verið stolið í innbrotinu. V hefur viðurkennt að um bótaskyldan tjónsatburð hafi verið að ræða. V kveður váttryggingarfjárhæð hafa numið 7.318.182 krónum á tjónsdegi en að verðmæti alls innbúsins hafi hins vegar numið 20.000.000 krónum og því hafi verið um undirtryggingu að ræða sem nemi 36,6% ( $7.318.182 \times 100/20.000.000$ ). Bætur til M eigi að skerðast og nema 2.677.789 krónum ( $7.318.182 \times 36,6\%$ ). M telur að ekki hafi verið um undirtryggingu að ræða og hefur lagt þann ágreining fyrir nefndina.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um það að nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Ekki er um það deilt að bótaskylda hefur verið viðurkennd af hálfu V. Eins og málið liggur fyrir snýst ágreiningur aðila um fjárhæð bóta með tilliti til mögulegrar undirtryggingar. V hefur ekki fallist á að nefndin fjalli um bótafjárhæðir eins og krafist er skv. 2. mgr. 3. gr. samþykktanna. Því verður ekki hjá því komist, sbr. 3. mgr. sömu greinar, að vísa málinu frá.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.